

Selfosslína 1

Lagning jarðstrengs austan Selfoss

Lýsing mannvirkja
vegna útgáfu framkvæmdaleyfis

Júní 2024

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Aðalskipulag	5
1.2	Deiliskipulag	6
1.3	Mat á umhverfisáhrifum	6
1.4	Landeigendur	6
1.5	Aðrir leyfisveitendur	6
2	LÝSING FRAMKVÆMDAR	6
2.1	Staðhættir	6
2.2	Jarðstrengir	7
2.3	Slóðir	9
2.4	Efnistaka	9
2.5	Vinnubúðir	9
3	ÖRYGGIS-, HEILBRIGÐIS- OG UMHVERFISÁÆTLUN	9
3.1	Almennt	9
3.2	Stefna Landsnets	10
3.2.1	Umhverfisstefna vegna framkvæmdaverka	10
3.2.2	Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismarkmið verksins	10
3.3	Umhverfisáætlun Landsnets	10

1 INNGANGUR

Landsnet hyggst leggja 66/132kV jarðstreng í stað Selfosslínu 1 sem er 66 kV loftlína austan við Selfoss og verður sem slík fyrir við framkvæmdir við vegagerð vegna nýrrar Ölfusárbrúar. Strenghlutinn mun ná frá tengivirki austast í bænum og að mastri 114 sem staðsett er á golfvelli austan við nýja veginn. Sá hluti sem fellur innan Árborgar nær austur fyrir hringtorg austan Selfoss, en þar eru mörk milli Árborgar og Flóahrepps.

Unnið verður við jarðvinnu og lagningu þessa strengs haustið 2024.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2013. Í þessari lýsingu eru teknar saman upplýsingar vegna framkvæmdaleyfis fyrir lagningu jarðstrengs, skv. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012.

1.1 Aðalskipulag

Unnið er að breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 og Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, þar sem gert er ráð fyrir fyrirhuguðum breytingum á Selfosslínu 1.

Skipulagstillagan verður auglýst næstu daga og líklegt að kynningartíma hennar ljúki um miðjan júlí. Vætanleg geta staðfest sveitarfélögin staðfest skipulagið um miðjan september og í kjölfarið ætti afgreiðsla Skipulagsstofnunar og birting auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að geta legið fyrir í október.

Til þess að framkvæmdir tefjist ekki vegna endanlegrar afgreiðslu skipulagsbreytinganna óskar Landsnet eftir því að sveitarfélögin vinni að afgreiðslu framkvæmdaleyfisumsóknarinnar samhliða því að skipulagsbreytingarnar klára sína málsmeðferð. Í ljósi mikilvægis þess að fyrirhugaðar framkvæmdir við Selfosslínu 1 tefjist ekki, þar sem þær hafa áhrif á framgang framkvæmda við nýjan Suðurlandsveg og undirbúning brúargerðar, óskar Landsnet jafnframt eftir því að sveitarfélögin veiti framkvæmdaleyfi þegar þau hafa staðfest skipulagsbreytinguna, með fyrirvara um endanlega afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Á það má benda að fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld (dags. 21.maí) og í því ferli komu ekki fram umsagnir sem gefa til kynna að hörð viðbrögð eigi eftir að koma fram við skipulagsbreytinguna, sem setji framkvæmdaleyfið í uppnám.

1.2 Deiliskipulag

Áætluð lega jarðstrengs mun ekki trufla uppbyggingu annarra mannvirkja samkvæmt deiliskipulagi, en í samráði við sveitarfélagið verður strenglegunni bætt inn á skipulag á þeim stöðum sem við á eftir þörfum.

1.3 Mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun úrskurðaði þann 21. maí 2024 að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Vegagerðin gáfu umsögn um framkvæmdina í því ferli.

1.4 Landeigendur

Framkvæmdin fer um Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp, í landi Laugardæla og Árborgar.

1.5 Aðrir leyfisveitendur

Leyfi Vegagerðarinnar með umsögn liggur fyrir.

2 LÝSING FRAMKVÆMDAR

2.1 Staðhættir

Jarðstrengurinn í Selfosslínu 1, mun liggja til austurs frá tengivirkinu á Selfossi og þvera Gaulverjabæjarveg sunnan hringtorgs og Suðurlandsveg strax austan þess. Frá hringtorginu er strengurinn kominn í Flóahrepp. Norðan Suðurlandsvegar liggur leiðin meðfram lóðarmörkum og síðan samhliða nýja veginum að vestanverðu. Vegstæði nýja vegarins er þverað við stofnlagnir hitaveitu, áður en komið er að Laugardælavegi, en hann er svo þveraður austan við þann stað þar sem hann fer í undirgöngum undir nýja veginn. Nýja veginum er svo fylgt að austanverðu um Moshólshaga að golfvellinum og mastri 114 í Selfosslínu 1.

Strengurinn verður samtals um 1,5 km að lengd að mastri 114, þar af er um 1,1 km í Flóahreppi og tæpir 0,4 km í Árborg.

Mynd 1 sýnir áætlað framkvæmdasvæði og legu nýja strenghlutans í SE1.




Mynd 1. Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu. Jarðstrengsleiðin er sýnd með blárrí brotalínu.

2.2 Jarðstrengir

Nýr jarðstrengur verður lagður í rúmlega 1 m djúpan skurð. Í skurðbotni er lagður strengsandur með góða varmaleiðnieiginleika undir strengi og umhverfis hann.

Strengurinn er samsettur úr þremur einleiðurum sem dregnir eru út af keflum hver í sínu lagi. Einleiðurunum er komið fyrir í þríhyrningsuppröðun. Hefðbundið skurðsnið fyrir eitt sett af 66/132 kV streng er sýnt á mynd 2.



Mynd 2. Hefðbundið skurðsnið fyrir eitt sett af 66/132 kV jarðstreng.

Uppgrafið efni úr strengskurði er víðast hvar hægt að leggja á skurðbakka. Mögulega þarf að fleyga klöpp í skurðbotni á afmörkuðum svæðum og er fleygað grjót flutt brott til haugsetningar.


Yfirborðsfrágangur strengskurðar miðast við að ummerki verði í lágmarki eftir framkvæmdina og ásýnd lands verði sem líkust því sem var fyrir. Allt uppgrafið efni nema fleygað grjót verður nýtt til yfirfyllinga.

Við lagningu strengs veður tekið tillit til hæðarlegu annarra væntanlegra mannvirkja sem nú eru í hönnun fyrir Vegagerðina.

Þungi hvers keflis með einleiðarastreng er á bilinu 8 - 10 tonn. Land er víða þökkalega burðarhæft en líklega þarf að leggja út vinnuslóðir um haga austan Selfoss til að komast um með kefli og efnisflutninga vegna strenglagnarinnar.

Alls má reikna með allt að 10 m breiðu belti sem getur raskast við lagningu strengjanna að meðtöldu svæði undir vinnuslóðir. Heildarrask vegna lagningar jarðstrengsins nemur því um 1,5 ha og er mest í haga og meðfram vegum þar sem yfirborð hefur verið eða verður mótað að vegum.

Helgunarsvæði fyrir stakan 66/132kV jarðstreng er skilgreint alls 10m breitt og samanstendur af 4 m öryggissvæði umhverfis streng ásamt 3 m breiðum athafnasvæðum þar utan við, þar sem framkvæmdir eru heimilar í samráði við Landsnet (mynd 3). Á öryggissvæði eru allar framkvæmdir bannaðar eftir að strengur hefur verið lagður.



Mynd 3 Helgunarsvæði jarðstrengs.

2.3 Slóðir

Meðfram streng, verður gerð vinnuslóð til að koma sandi í skurðinn og keflum að útdráttarstöðum. Aðkomuslóðir verða ekki langar enda strengleiðin nærri góðum vegum. Slóðir verða á um 2/3 hluta leiðarinnar, meirihlutinn í Flóahreppi.

2.4 Efnistaka

Aðkeyrt fyllingarefni í slóðir verður tekið úr námum í nágrenni sem hafa tilskilin leyfi. Heildar efnispörf í slóðir gæti numið allt að 2.000 m³.

Strengsandur 0-8 mm verður sóttur í Þórustaðanámu. Heildar efnispörf gæti numið um 860 m³.

2.5 Vinnubúðir

Ekki er gert ráð fyrir því að verktaki setji upp vinnubúðir.

Verktaka ber að fylgja öllum viðeigandi heilbrigðissamþykktum sveitarfélagsins.

3 ÖRYGGIS-, HEILBRIGÐIS- OG UMHVERFISÁÆTLUN

3.1 Almennt

Landsnet leggur mikla áherslu á öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál, hvort sem er við undirbúning framkvæmda, framkvæmdir eða rekstur mannvirkja. Kröfum fyrirtækisins til þessara þátta er fylgt fast eftir við framkvæmd verkefna á þess vegum. Fjallað er um þessar kröfur í útboðsgögnum fyrir RI2, hluta 3, sem gilda fyrir þetta verk. Meðal þess sem þar kemur fram er eftirfarandi:

- Öllum aðilum sem verkkaupi ræður til verksins ber að vinna eftir þeim lögum, reglum og gildandi stöðlum sem við eiga, og í samræmi við reglur og stefnu Landsnets um öryggi, heilbrigði og umhverfi.
- Við tímabundna mannvirkjagerð gilda reglur nr. 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð sem eru hluti af reglum sem falla undir vinnuverndarlöggjöfina og er lýst í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Reglurnar kveða á um að verkkaupa beri að sjá til þess að öryggis-, heilbrigðis- og umhverfis-áætlun (ÖHU áætlun) sé gerð áður en framkvæmdasvæði er skipulagt. Þessi áætlun er hluti af útboðsgögnum verksins. Áætlunin lýsir kröfum til aðila sem koma að verkinu á framkvæmdastigi.
- Allir verktakar og undirverktakar skulu útbúa sína eigin ÖHU áætlun fyrir verkið og skal hún borin undir verkkaupa til samþykkis fyrir upphaf vinnu. Við gerð ÖHU áætlunar sinnar skal verktaki taka mið af ÖHU áætlun Landsnets og uppfylla að minnsta kosti allar kröfur sem settar eru fram í henni. Einnig skal hann uppfylla allar kröfur sem settar eru fram í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerðum og reglum þeim tengdum, svo og öðrum lögum, reglugerðum og reglum sem eiga við framkvæmd verksins. Sérstaklega er vísað til reglna nr. 547/1996, reglugerðar nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og í fræðslu- og leiðbeiningarit nr. 17/2002 frá Vinnueftirlitinu og eiga við framkvæmd verksins.

3.2 Stefna Landsnets

Landsnet leggur áherslu á heilsuvernd, persónu- og rekstaröryggi og er umhugað um fólk og samfélagið. Landsnet skapar góðan slysalausán vinnustað þar sem öllum líður vel og leggur sitt að mörkum til að koma í veg fyrir slys, dauðsföll og veikindi. Landsnet ber ábyrgð á eigin öryggi og skilur áhættu vegna öryggis-, heilbrigðis- og vinnumhverfis sem fylgir starfseminni. Landsnet beitir þekktum aðferðum til að koma auga á, meta og stjórna áhættu og beina verki í öruggan farveg.

ÁHERSLUR

- Að skapa slysalausán vinnustað
- Að áhættumeta alla þætti starfseminnar
- Að ábyrgð stjórnenda sé skýr og starfsmenn viti að öryggi þeirra hefur ávallt forgang
- Að aðbúnaður á öllum vinnustöðum miði að því að tryggja öryggi og viðhalda góðri heilsu og vellíðan
- Að starfsmönnum sé tryggð nauðsynleg þjálfun í öryggismálum og vinnuvernd
- Að unnið sé að stöðugum umbótum í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum
- Öll atvik sem snerta öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmál eru tilkynnt og unnið úr þeim í forvarnarskyni.
- Landsnet er með og vinnur í samræmi við vottað öryggisstjórnunarkerfi OHSAS 18001
- Öryggisstjórnunarkerfið ásamt öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefnunni eru rýnd árlega. Starfsmenn og aðrir hagsmunaaðilar eru upplýstir um niðurstöður og áhersluatriði
- Öryggisnefnd sinnir öryggismálum og mótastefnu í málaflokknum
- Neyðarstjórn stýrir viðbrögðum við stærri vá. Áætlanir um viðbrögð við vá eru tiltækar og æfðar kerfisbundið.

3.2.1 Umhverfisstefna vegna framkvæmdaverka

- Að halda umhverfisskyn á byggingartíma í lágmarki.
- Að frágangur í verklok verði til fyrirmyndar.

3.2.2 Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismarkmið verksins

Markmið framkvæmdarinnar hvað varðar öryggi, heilbrigði og umhverfi eru eftirfarandi:

- Engin vinnuslys verði á verktíma.
- Umhverfi starfsmanna sé heilsusamlegt.
- Starfsmenn noti ávallt tilskilinn öryggis- og hlífðarbúnað.
- Framkvæmdar séu áhættugreiningar fyrir alla verkþætti.
- Ekkert umhverfisslys verði á verktíma, þar með talið engin óstýrð losun óæskilegra efna.
- Ekkert rask verði fyrir utan þau svæði sem skilgreind eru sem framkvæmdasvæði.

3.3 Umhverfisáætlun Landsnets

Kröfur Landsnets til umhverfismála er að finna í Umhverfisáætlun Landsnets.

VIÐAUKI TEIKNINGAR - YFIRLITSKORT